

við frv. til laga um meðferð opinberra mála.

komudagur 11/12 1991

1. Við 9. gr. í 2. málslið falli brott orðin: ef hann lætur ekki skipast við aðvörun.
2. Við 15. gr. Við niðurlag 1. mgr. bætist orðin: eða tekin upp á myndband.
3. Við 20. gr. Fyrri málsgrein greinarinnar orðist svo:
 1. Ákætur, fyrirköll, kvaðningar, dómur, úrskurðir og aðrar tilkynningar í opinberum málum skulu birtar af einum lögreglumanni eða stefnuvotti, nema þær séu birtar á dómþingi eða á annan hátt af dómara. Birting á ákæru, fyrirkalli, dómi eða úrskurði skal fara fram fyrir þeim manni sjálfum sem í hlut á ef þess er kostur, en ella lögmanni hans samkvæmt umboði eða öðrum lögráða manni sem hefur fengið skriflegt umboð frá honum til að taka við birtingu. Kvaðningar og aðrar tilkynningar má birta á heimili eða dvalarstað þess, sem þeim er beint að, ef hann hittist ekki sjálfur fyrir.
4. Við 26. gr. í niðurlagi 2. mgr. falli brott orðin: og gefur honum fyrirmæli um framkvæmdir í því efni.
5. Við 29. gr. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sé hæstaréttarlögmanni falið að sækja mál fyrir Hæstarétti nefnist hann saksóknari og hefur skyldur sem slíkur.
6. Við 59. gr. 4. mgr. greinarinnar orðist svo:
 4. Hvert vitni skal prófa sér og ekki láta önnur vitni hlýða á. Dómari getur þó ákveðið að samprófa vitni við sakborning eða aðra ef á greinir.
7. Við 115. gr. 6. mgr. greinarinnar orðist svo:
 6. Nú telur ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir viðurlög samkvæmt þessari grein eða að málalok hafi verið fjarstað að öðru leyti og getur hann þá innan mánaðar frá því honum barst vitneskja um þau fellt gerðina úr gildi, enda sé þá ekki liðið ár frá málalokum.
8. Við 119. gr. Við 1. málslið 2. mgr. bætist orðin: að mati dómara.
9. Við 120. gr. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákærði getur þó frestað að taka ákvörðun um verjanda þar til málið er þingfest.
10. Við 124. gr. 1. málsliður 1. mgr. greinarinnar verði svohljóðandi: Ef ákærði kemur fyrir dóm og játar brot, má ákærandi gefa honum kost á að ljúka máli með því að hann gangist undir sekt sem greiðist innan tiltekins tíma að viðlagðri vararefsingu, ásamt sakarkostnaði.
11. Við 128. gr. 1. mgr. greinarinnar orðist svo:
 1. Komi fram frávísunarkrafa við þingfestingu máls eða í þinghaldi samkvæmt 127. gr. gefur dómari ákæranda og ákærða kost á að tjá sig um málið. Dómari tekur afstöðu til kröfu um frávísun málsins með úrskurði.
12. Við 132. gr. c-liður greinarinnar verði svohljóðandi:
 - c. ef saksókn er háð kröfu þess sem misgert er við og hann fellur frá kröfu um saksókn áður en héraðsdómur gengur, nema ákærandi telji rétt vegna almannahags að halda málinu áfram.
13. Við 160. gr. 1. mgr. þessarar greinar hljóði svo:
 1. Í dómi í opinberu máli getur Hæstiréttur dæmt héraðsdómara í sekt, sem renni í ríkissjóð, fyrir drátt á máli og önnur glöp í meðferð þess, enda hafi honum verið stefnt í því skyni.

Athugasemdir

varðandi tillögur ríkissaksóknara og sakadómara í Reykjavík um breytingar á frumvarpi til laga um meðferð opinberra mála, sem hafa ekki verið teknar upp á skrá yfir breytingartillögur.

Varðandi 5. gr. frv. (tillaga sakadómara):

Í 2. mgr. er vísað til 37. A. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 um heimildir til að kveðja til meðdómendur til setu í dómi í einstökum málum. Umræddri 37. A. gr. verður beitt til að ná öllum þeim markmiðum, sem koma fram í tillögu um breytingu á 5. gr., að því atriði þó frátöldu, að heimild stæði þá ekki til þess að dómari kveðji til einn meðdómsmann. Um þetta má ítreka að við samningu frumvarpsins var talið tvímælalaust hagræði að vísa hér til einkamálalaga fremur en að tvítaka sömu reglu á báðum stöðum, en að vandlega athuguðu máli var talið ófært að leggja til að heimild til kvaðningar eins meðdómsmanns yrði látin haldast.

Varðandi 2. mgr. 20. gr. frv. (tillaga sakadómara):

Tillagan hér lýtur að því að taka upp þá viðbót við þetta ákvæði, að birting tilkynningar í Lögbirtingablaði hafi sömu áhrif og ef hún væri birt fyrir hlutaðeiganda sjálfum. Telja verður þetta atriði með öllu sjálfgefið og óþarft því að lengja ákvæðið með því að taka þetta fram, en þessu til styrktar má benda á að ekki hefur þótt ástæða til að taka svona nokkuð fram í sams konar reglu 95. gr. laga nr. 85/1936, þar sem fjallað er um birtingu stefnu vegna einkamáls í Lögbirtingablaði.

Varðandi c-lið 1. mgr. 28. gr. frv. (tillaga ríkissaksóknara auk viðbótarathugasemdar sakadómara):

Í 28. gr. er fjallað um þá málaflokka, þar sem lögreglustjórar eiga að geta farið með ákærvald, en þetta er afmarkað með þeim hætti, að það sé þegar brotið er gegn umferðarlögum, áfengislögum og öðrum lögum en almennum hegningarlögum, þar sem viðurlög geta ekki farið fram úr sektum, upptöku eigna eða varðhaldi. Í tillögum ríkissaksóknara er gert ráð fyrir þrengingu á ákærvaldi lögreglustjóra með því að fella brott þá heimild, þar sem viðurlög væru annað tveggja eignaupptaka eða varðhald. Í athugasemd sakadómara er hins vegar ámalgað hvort yfirléitt eigi að færa ákærvald í hendur lögreglustjóra. Um hvort þessara atriða verður að fjalla um sig.

Varðandi tillögu ríkissaksóknara er rétt að benda þegar á að ekki kemur fram í skriflegum gögnum hvert markmið hennar sé. Stafi hún af því, að eignaupptaka og varðhald geti talist þyngri viðurlög en sektir og að brotin, sem þau liggja við, séu þar með alvarlegri, verður einfaldlega að staðhæfa hér að það er engan veginn einhlítt. Á vegum dómsmálaráðuneytisins hafa verið gerð yfirlit yfir refsíákvæði laga, annarra en almennra hegningarlaga, umferðar- og áfengislaga, og þau flokkuð annars vegar í þau tilvik, þar sem ríkissaksóknari færi með ákærvald, og hins vegar tilvik þar sem lögreglustjórar gætu farið með ákærvald eftir umræddu ákvæði 28. gr. frumvarpsins. Eintök þessara yfirlita fylgja hér með, en eins og þau bera væntanlega með sér liggur ljóst fyrir þegar á þessu stigi hvenær ákærvald gæti komið í hlut lögreglustjóra og hvenær ekki. Í tengslum við þetta er nauðsynlegt að leggja sérstaka áherslu á það, að ákvæði 28. gr. frumvarpsins skylda engan veginn að lögreglustjórar fari með ákærvald í þessum málaflokkum. Verður að benda á það, að í 1. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. kemur beinlínis fram að ríkissaksóknari geti sem æðsti handhafi ákærvalds skipt

verkum milli óaðri ákærenda (lögreglustjóra), sett þeim almennar reglur, gefið þeim fyrirmæli um einstök mál og tekið einstök mál eða heila málaflokka í sínar hendur með almennu boði til lögreglustjóra. Ríkissaksóknari hefur þannig með þessum hætti í hendi sér að afmarka umfang ákæruvalds lögreglustjóra innan ramma 28. gr. frumvarpsins og gæti hæglega tekið þá almennu ákvörðun að hann færi til dæmis sjálfur alltaf með ákæruvald vegna tiltekinna brotategunda, sem hefðu eða fallið í hlut lögreglustjóra.

Varðandi athugasemd sakadómara má benda á það, að eitt meginatriði frumvarpsins er að mæla fyrir um dreifingu ákæruvaldsins með því að fela lögreglustjórum meðferð þess við einfaldari mál. Þessi tillaga, sem á sér fyrirmynd í danskri löggjöf, hefur víða verið til umræðu nú um árabil og má til dæmis nefna að hún var tekin upp í athugasemdum við frumvarp til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði sem eitt af mörgum frambúðarverkefnum sýslumanna (lögreglustjóra). Hún hefur ekki sætt teljandi gagnrýni, þótt vissulega hafi áður komið fram efasemdir um ágæti hennar úr sömu átt og nú, en skilmerkileg svör má finna við þeim efasemdum á bls. 5-7 í umsögn Boga Nílssonar, rannsóknarlögreglustjóra, sem mun liggja fyrir í háttvirtri allsherjarnefnd og er dagsett 17. september s.l. Hafa má í huga að frumvarpið hefur verið til athugunar hjá fjölmönnum samtökum, svo sem Dómarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands og Sýslumannafélagi Íslands, og er þeim, sem þetta ritar, ekki kunnugt um að þau félög hafi tekið á nokkurn hátt undir þessar efasemdir í umsögnum sínum um frumvarpið.

Varðandi 1. mgr. 49. gr. frv. (tillaga sakadómara):

Í þessu tilviki er lagt til að bæt verði við heimild til þess, að ef brotþoli þurfi að mæta sem vitni fyrir dómi, geti dómari ákveðið að kostnaður af aðstoð lögmanns við vitnið verði greiddur úr ríkissjóði. Við samningu frumvarpsins var rætt um það, hvort ákvæði sem þessi ættu erindi í lögum um meðferð opinberra mála, en komist var að þeirri niðurstöðu, að þeim yrði ekki réttilega skipað á þeim vettvangi, heldur í löggjöf um opinbera réttaraðstoð. Í IV. kafla frumvarps til laga um það efni, sem mun nú liggja fyrir Alþingi, eru reglur um réttaraðstoð við brotþola í tilteknum málaflokkum. Ef ástæða þykir til að samsinna umræddum tillögum sakadómaranna, verður eindregið að mæla með því, að þær verði þá teknar til greina með breytingum á því frumvarpi, en ekki með því að setja andstæðar reglur í frumvarp til laga um meðferð opinberra mála, sem fjallar ekki að öðru leyti um þetta málefni.

Varðandi 52. gr. frv. (tillaga sakadómara):

Ekki fæst séð að tillagan um breytingu á þessu ákvæði feli neitt í sér, sem verður ekki ráðið af ákvæðinu í núverandi mynd með nærtækri lögskýringu.

Varðandi 2. mgr. 61. gr. frv. (tillaga sakadómara):

Þessi tillaga tengist ráðagerð um breytingu á 142. gr. frumvarpsins, sem er vikið að hér á eftir, og þarfnast því ekki sjálfstæðrar umfjöllunar.

Varðandi 2. mgr. 80. gr. frv. (tillaga sakadómara):

Í þessu tilviki er lagt til að ákvæði 2. mgr. 80. gr. frumvarpsins verði felld niður, en þar er mælt fyrir um það, að hald verði ekki lagt á prentað mál til undirbúnings upptöku þess nema að undangengnum dómsúrskurði. Í nánari umfjöllun sakadómaranna virðist sá rökstuðningur vera færður fyrir

þessari tillögu, að óframkvæmanlegt væri að fylgja þessu ákvæði ef leggja á hald á prentað mál í mörgum umdæmum landsins. Verður ekki annað séð en að þessi rök byggist á þeim skilningi, að marga úrskurði þurfi í þessu skyni ef aðgerðir eiga að fara fram í fleiri umdæmum en einu. Ef sú er raunin má einfaldlega svara því til, að hér er um miskilning að ræða, því ef úrskurður gengi til dæmis í Reykjavík um heimild til að leggja hald á upplag tiltekins rits, mætti framfylgja þeim úrskurði hvar sem er á landinu. Þessu til viðbótar er rétt að benda á að það væri stórlega varhugavert að fella þetta ákvæði niður vegna fyrirmála 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, svo ekki sé meira sagt.

Varðandi 2. mgr. 115. gr. frv. (tillaga sakadómara):

Tillagan varðandi þetta ákvæði lýtur að því, að tiltaka að löglærður fulltrúi lögreglustjóra geti auk lögreglustjórans sjálfs staðið að boði til sakbornings um að ljúka máli með svonefndri lögreglustjórásátt, en af skýringum með þessari tillögu má ráða að markmið hennar sé að tryggja að það verði aðeins löglærðir menn, sem fáist við þessi verk. Ekki verður séð að neitt tilefni sé til slíkrar takmörkunar, enda hlýtur eftir eðli málsins að vera nærtækast að lögreglustjórar ákveði hver fyrir sig hverjum þeir treysti fyrir framkvæmd þessara verkefna á sína eigin ábyrgð.

Varðandi 3. mgr. 119. gr. og 1. mgr. 120. gr. (tillögur ríkissaksóknara):

Í tillögum ríkissaksóknara, sem beinast að þessum tveimur ákvæðum, er gert ráð fyrir því, að dómari standi með misjöfnu móti að frumathugun sinni á ákæru og hafi misjöfn úrræði vegna hugsanlegra galla á málatilbúnaði eftir því, hvort ákæra hafi verið gefin út af lögreglustjóra eða ríkissaksóknara. Ekki verður séð hver rök geti staðið til þessara breytinga, enda gæti brestur orðið á undirbúningi máls í báðum tilvikum, þótt líkindi fyrir því séu í hvorugu tilvikum mikil.

Varðandi 3. og 4. mgr. 120. gr. frv. (tillögur ríkissaksóknara):

Ríkissaksóknari leggur hér til að sett verði inn í umráð ákvæði fyrirmáli um fresti og til að stuðla að skjótari meðferð við birtingu ákæru o.fl. Þótt þessar tillögur þjóni tilgangi, sem vel má taka undir, verður ekki séð að þar ráði bóta á neinni fyrirsjáanlegri hættu, enda er augljóst af ákvæðunum í núverandi mynd að það sé ætlast til skjótra aðgerða og tilteknir frestir í þeim efnum yrðu allt eins vanvirtir ef stjórnun dómstóla er ábótavant að þessu leyti.

Varðandi 3. mgr. 122. gr. (tillaga sakadómara):

Hér er lagt til að fyrirmáli verði felld niður um það, að dómari gefi ákæranda og ákærða kost á að tjá sig ef hann telur efni til að vísa máli frá dómi án kröfu frá öðrum hvorum þeirra. Í athugasemdum sakadómara er þetta rökstutt með því, að ófært sé að dómari tjái sig með þessum hætti um fyrirhugaða frávísun máls, enda geti hann gert sig vanhæfan með því. Ekki verður séð að fært sé að samsinna þessum rökum. Regla þessa efnis á sér erlendar fyrirmyndir við meðferð opinberra mála og hefur að auki verið fylgt við rekstur einkamála hér á landi um áratugaskeið, en ekki verður séð að sjónarmið um vanhæfi dómara vegna þessara orsaka hafi verið orðuð í því sambandi. Í þessum efnum má hafa í huga að frávísun er afleiðing af því, að formlegur brestur sé á málatilbúnaði, en með því að taka afstöðu til slíks atriðis er dómari ekki að tjá hug sinn til sektar sakbornings eða

sakleysis og verður ekki séð að hann geti gert sig hlutdragan í augum málsaðila með slíku.

Varðandi 1. mgr. 124. gr. frv. (tillaga sakadómara):

Í 10. lið breytingatillagna er tekin upp tillaga sakadómara varðandi 1. málslið þessa ákvæðis, en tvær aðrar breytingartillögur þeirra varðandi 1. mgr. 124. gr. hins vegar ekki. Er þar annars vegar um þá tillögu að ræða, að orðið "ökutæki" komi í stað orðsins "farartæki", sem er rökstutt með því, að betur fari að samræma orðalag hér við ákvæði umferðarlaga. Ekki eru efni til að verða við því, enda eru "farartæki" væntanlega fleiri en bifreiðar og önnur mannanna verk, sem eiga undir reglur umferðarlaga. Hins vegar er lögð til sérregla um bótakröfur, en hana verður að telja óþarfa í ljósi 1. mgr. 172. gr. frumvarpsins.

Varðandi 2. mgr. 128. gr. frv. (tillaga sakadómara):

Tillaga varðandi þetta ákvæði lýtur að því, að felld verði niður fyrirmáli um að dómari geti gefið ákærða frest til að leggja fram gögn eða taka afstöðu til máls, svo og um að aðalmeðferð máls verði almennt ekki ákveðin fyrr en gagnaöflun er lýst lokið. Tillagan er rökstudd með því, að þessi fyrirmáli skapi hættu á töfum á máli. Telja verður varhugavert að fella þessa fyrirmáli greinarinnar niður, því vöntun á heimild sem þessari gæti leitt til hættu á réttarspjöllum fyrir sakaðan mann. Má hafa í huga að þessi heimild er að auki orðuð með þeim hætti í frumvarpinu, að ekki á að orka tvímælis að hún sé undantekning sem er ætlast til að yrði beitt af sparsemi.

Varðandi 130. gr. frv. (tillaga sakadómara):

Í 130. gr. er fjallað um skriflega málsmeðferð, sem er ætlast til að heyri til algerra undantekninga, en í ákvæðinu er gert ráð fyrir því, að ákærandi og ákærði skili hvor um sig skriflegum málflutningi sínum og fái síðan báðir að svara rökum gagnaðilans með skriflegu innleggi eitt sinn hvor. Í tillögum sakadómara er mælt til þess, að heimild til framhaldssóknar og framhaldsvarnar verði numin brott. Breyting sem þessi getur tæplega átt rétt á sér, því hún hefði í för með sér að ákærandi ætti engan kost á að svara röksemdum ákærða, sem væri ekki síst sérstæð niðurstaða þegar haft er í huga að þegar mál eru munnlega flutt gefst kostur á að flytja svarræður.

Varðandi 3. mgr. 133. gr. frv. (tillaga ríkissaksóknara):

Ríkissaksóknari leggur hér til að það komi í hlut dómara að hlutast til um birtingu dóms fyrir ákærða, ef ákærði er ekki staddur við dómsuppsögu, en eftir texta frumvarpsins á þetta verk undir ákæranda. Breyting í þessa veru yrði í andstöðu við almenna skipan frumvarpsins á verkaskiptum milli dómstóla annars vegar og framkvæmdarvaldsins (ákæranda) hins vegar og ekki er bent á nein rök henni til stuðnings. Þykja því ekki efni til að samsinna henni.

Varðandi c. og d. liði 2. mgr. 142. gr. frv. (tillaga sakadómara):

Í þessu tilviki er lagt til afnám tvenns konar undantekningarheimilda frumvarpsins til að kæra úrskurði eða ákvarðanir, sem dómari tekur eftir upphaf svonefndrar aðalmeðferðar máls. Önnur heimildin varðar úrskurði um skyldu vitnis til að mæta fyrir dóm, svara spurningum o.s.frv., en hin úrskurði eða ákvarðanir sem varða annars hagsmuni manns, sem á ekki aðild að máli. Breyting á þá átt, sem hér um

ræðir, yrði til skerðingar á réttindum manna, sem eiga ekki aðild að opinberu máli, og má telja hana mjög í andstöðu við ríkjandi viðhorf hér á landi um nauðsynlega réttarvernd við þessar aðstæður. Er engan veginn unnt að samsinna því að breyting sem þessi geti helgast af viðleitni til að sporna við tófum á rekstri máls.

Varðandi 2. mgr. 144. gr. frv. (tillaga sakadómara):

Í þessu tilviki er lagst gegn ákvæði frumvarpsins, sem er ætlað að fela í sér lengingu kærufrests frá núgildandi lögum, úr einum sólarhring í þrjá. Við gerð frumvarpsins var talið rétt að lengja frestinn með þessum hætti, þar sem hann hafi verið með skemmsta móti. Studdist sú ályktun af viðhorfum manna, sem hafa, líkt og þeir sem standa að umræddri tillögu, verulega reynslu af rekstri mála á þessum vettvangi.

Varðandi 2. mgr. 149. gr. frv. (tillaga sakadómara):

Hér er lagt til að verjandi ákærðs manns geti komið í hans stað við vissar aðstæður til ákvörðunartöku um áfrýjun dóms. Ekki þykir unnt að fallast á réttmæti þessarar breytingar, enda ófært að leggja byrði sem þessa á herðar verjanda.

Varðandi 151. gr. frv. (tillaga ríkissaksóknara):

Sú tillaga kemur hér fram að taka upp óbreytt orðalag ákvæða 4. mgr. 175. gr. núgildandi laga í stað þess, sem mælt er fyrir um í frumvarpinu. Þar verður ekki séð að um efnislegan mun sé að ræða. Orðfari þessa ákvæðis í frumvarpinu er hins vegar í samræmi við það, sem ríkir þar að öðru leyti, og verður ekki séð að það sé til neins ávinnings að samsinna þessari tillögu.

Varðandi 1. mgr. 153. gr. frv. (tillaga ríkissaksóknara):

Hér er um tillögu að ræða, sem ekki verður séð að feli í sér neina efnislega breytingu frá texta frumvarpsins eða nauðsynlega viðbót til skilnings á efni ákvæðisins.

Varðandi 162. gr. frv. (tillaga sakadómara):

Sakadómarar leggja hér til að bætt verði við heimild þessa ákvæðis frumvarpsins, handa Hæstarétti til að víta héraðsdómara, sækjanda og verjanda fyrir meðferð máls í héraði, þeim varnagla að þetta sé háð því að hlutaðeigendum hafi gefist kostur á að skýra mál sitt. Þessari tillögu er ógerningur að samsinna.

Varðandi 163. gr. frv. (tillaga ríkissaksóknara):

Hér eru lögð til fyrirmæli um það, að dómar Hæstaréttar skuli sendir fangelsismálastofnun án sérstakrar birtingar. Telja verður ákvæði sem þessi óþörf, enda hlýtur að vera sjálfgefið að ríkissaksóknari hlutist til um þetta án lagaboðs.

Varðandi 171. gr. frv. (tillaga sakadómara):

Í þessu tilviki er lagt til að greinin í heild falli niður, en með því væri girt fyrir að tjónþoli geti komið fram kröfu um skaðabætur við meðferð máls fyrir dómi eftir útgáfu ákæru. Þá breytingu verður að telja óaskilega, enda er það skilyrði sett í ákvæðinu að kröfu sem þessari verði aðeins komið fram á þessu stigi máls með samþykki ákærða og dómari telji ekki til óhagraðis að leyst verði úr henni, en telja má að þessi skilyrði afmarki heimildina nægilega til þess að hætta sé ekki á að mál verði óljóst eða illviðráðanlegt fyrir vikið.